

76 skipti af þessu máli að því leyti, sem þeim hefir þótt það vel vel til fallið, að þessi breyting á heimilisfangi Guðrúnar Jakobsdóttur yrði gjörð, og þeir látið þessa skoðun í ljósi við skyldmennni hennar, og verið þess heldur hvetjandi, að hún færi til bróður síns. Hver upptökin hafi haft í fyrstu að því leyti, er snertir vistarbreytinguna, er ekki hægt að sjá, enda virðist þetta eigi geta haft nein áhrif á úrslit málsins; því bæði var það mjög eðlilegt í sjálfu sjer, eins og heimilisáæðunum er lýst á Hamraendum, að það ráð væri tekið, að Guðrúnu Jakobsdóttur yrði komið fyrir hjá skyldfólki sínu á Beigalda, en þess skal getið hjær, að orsökinn til þess, að hún eigi gat farið þangað fyr en í ágúst, var sú, að verið var að byggja bæinn þær. Eins og þjer hafið tekið fram, er eigi sannað, að hreppsnefndin í Stafholtstungnahreppi hafi beitt ólöglegum ráðum til þess að koma Guðrúnu burt úr hreppnum, og jeg fæ eigi sjeð, að vera hennar á Beigalda hafi verið málamyndardvöl. Sveitfestisdvöl hennar í Stafholtstungnahreppi hefir þannig slitnað við veru hennar á Beigalda í Borgarhreppi á vistarárinu 1895—96, og er hún sveitlæg í fæðingarsveit sinni, Þverárhliðarhreppi, samkvæmt því, sem skýrt er frá að framan, og gildandi lögum.

Jeg verð þannig að vera yður samdóma um það, sem þjer hafið tekið fram um þetta mál, og er fyrnefndur úrskurður yðar því staðfestur.

Þetta gefst yður hjer með þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar, og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Þverárhliðar- og Stafholtstungnahreppum.

77

5. ágúst

Reglugjörð

fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o. fl.

Amtsráðið í Suðuramtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eftirfarandi

Reglugjörð

fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þær, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1902.

I. kafl i.

Um afrjett og upprekstur.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem heimalönd að áliti hreppsnefndar eru eigi nægileg til sumarþeitar, ber öllum, sem geldfjenað eiga, að reka hann til afrjettar, þær sem hann er, að öðrum kosti koma fjenaði sínum til göngu um sumartímann hjá öðrum, sem land hafa. Verði hlutadeigandi óánægður með ráðstöfun hreppsnefndar, skal hlíta ítölu í landið. Sama gildir um þá, sem fjenað taka, ef þeir ofsetja í land sitt. Hreppsnefndin sjer um, að þetta sje ekki vanrækt.

2. grein.

77

Hver, sem verður uppvís að því, að reka eða skilja eptir í annars af- 5. ágúst.
rjetti eða heimalöndum, sauðfje eða hross, án leyfis þeirra, sem með eiga, er
sekur um 10 - 200 kr., auk skadabóta til landráðanda.

3. grein.

Fráfærulömb, sem rekin eru til fjalls, afrjettar eða leigulands, skulu
setin þar að minnsta kosti einn sólarhring.

4. grein.

Eigi má ónáða fjenað þann, sem í afrjetti eða fjalli á að vera, fyrir
fjallskil nema landeigandi eða hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi.

5. grein.

Hreppsnefndin hefir rjett til að afstýra yfiringi í afrjetti og heimalönd-
um, af utanhreppsgripum, sauðfje og hrossum, sem ekkert leyfi eða heimild er
fyrir, og hefir í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna
svæði afrjettarins, þegar henni þurfa þykir, og í heimalöndum eptir umkvört-
un landeiganda eða umráðanda. Smölun þessa skal auglýsa í því dagblaði, sem
opinberar auglýsingar eru auglýstar í, með fyrirvara. Landráðandi kostar
smölun á heimalandi og tilkynnir hreppsnefndinni smölunina; sje afrjettur smal-
aður, kostar hreppsjóður. Utanhrepps fjenað rekur hreppsnefndin á kostnað
þess hrepps til hlutaðeigandi hreppsnefndar, en óskilafjenaður skal auglýstur og
seldur með löglegum fyrirvara.

II. kafla.

Um fjallskil.

6. grein.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu
skyldir til að smala heimalönd sín til rjetta. Þeir sem kafa 6 sauðkindur full-
orðnar eða fleiri til eignar eða umráða eða í annan stað 2 ótamin hross eður
fleiri auk folalda, skulu skyldir að smala heimalönd, fjallönd og afrjetti eptir
boði hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur fullorðnar eða fleiri
til eignar eða umráða, skulu skyldir eptir boði hreppsnefndar, að senda mann í
utanhreppsrjettir.

7. grein.

Hreppsnefndin boðar með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrri fjallgöng-
ur, hvernig göngum skuli hagað, og hverjir fari í útrjettir. Þó einhverjum
þyki niðurjöfnun fjallskila ekki rjett, skal hann samt gjöra fjallskil sín, en
heimilt er honum að senda rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir lok septem-
bermánaðar og beiðast lagfæringar. Skal hreppsnefndin þá fyrir 7. október
halda fund með sjer og kæranda og gefa honum kost á, að skýra munnlega
frá rökum sínum. Fyrir 10. dag sama mánaðar skal hún skriflega tilkynna
honum úrskurð sinn um málið. Vilji hann skjóta úrskurðinum til sýslunefndar,
skal kæra hans komin til oddvita nefndarinnar fyrir 20. dag sama mánaðar og
skal sýslunefndin leggja úrskurð sinn á málið.

8. grein.

Hreppsnefndir skipa gangnaforingja einn eða fleiri. Gangnaforingi skipar mönnum í leitir, og hefir öll ráð yfir fjallagöngum og fjársafninu, þar til rjettir byrja, og er hver göngumaður skyldur að hlýða skipunum hans.

9. grein.

Sjerhver gangnamaður skal gildur og nægilega útbúinn. Sje nokkur leitarmaður ónógur eða ónóglega útbúinn, að dómi leitarstjóra eða hlutaðeigandi hreppsnefndar, skal sá fjáreigandi, er hann sendir, sekur um 5—10 kr. í sveitar-sjóð. Sömuleiðis sá, er alls eigi sendir í sínar fyrirskipuðu leitir, eða ekki smalar heimaland sitt.

10. grein.

Leitir hvers hrepps skulu svo samhliða fram fara, að eigi leynist fje á milli og eigi verði fje eptir skilið. Enginn má hindra ferð leitarmanns nje taka neitt af fjársafninu, fyr en til þeirrar rjettar er komið, sem safnað er til.

III. Kafi.

Um rjettarhöld og fjárheimtur.

11. grein.

Lögrjettir og rjettarfjelög:

a. Aðalrjettir.

1. Krýsuvíkurrjett fimmtudaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Grindavíkur-hreppur.
2. Háaleitisrjett föstudaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Hafna- Miðness-Rosmhvalaness- og Njarðvíkur-hreppar.
3. Vogarjett laugardaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Vatnsleysustrand-arhreppur.
4. Gjáarrjett þriðjudaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Garða- og Bessa-staða-hreppar.
5. Árnakróksrjett miðvikudaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Mosfells- og Seltjarnarness-hreppar.
6. Eyjarrjett miðvikudaginn í 23. viku sumars; rjettarfjelag: Kjósarhreppur.
7. Kollafjarðarrjett fimmtudaginn í 24. viku sumars; rjettarfjelag: Kjalarness-hreppur.

b. Skilarjettir.

Skilarjett fer fram í sjerhverri lögrjett sama vikudag og aðalrjett að hálfum mánuði liðnum.

Heimilt er hreppsnefndum hvers rjettarfjelags að láta endurtaka leit til skilarjettar og halda aukaskilarjett sama vikudag að viku liðinni.

En þá skal fyrirskipun um þetta vera auglýst með hæfilegum fyrirvara.

c. Sundurdráttarrjettir.

Heimilt er hreppsnefnd að hafa sundurdráttarrjett í hreppnum, ef hún fær til þess samþykki sýslufundar.

12. grein.

Vilji hreppsnefnd breyta til um rjettarsvæði hreppsins, eða fá breytingu

framkomið á rjettarfelagsskap þeim, sem hreppurinn stendur í, þarf hún til þess samþykki meiri hluta þeirra manna í rjettarfelaginu, sem fjallaskilaskyldir eru, og leyfi eiganda landsins, þar sem rjett skal setja. Er henni þá breytingin heimil. Ef breytt er um rjettarstæði, skal það birt almenningi.

13. grein.

Hreppsnefndin sjer um að almenningrjett hreppsins, með tilheyrandi dilkum sje forsvaranlega við haldið. Við hverja almenningrjett skal utansveitar mönnum heimilt að fá að byggja dilk fyrir fjenað sinn, enda sjeu hreppsnefndir skyldar að sjá um, að dilkur sje við lögrjett hverja, þar sem fjárvon er úr hreppnum. Nægilegt rúm skal vera í hverjum dilki, svo að eigi þurfi að hleypa út úr þeim fyr en að rjettum afstöðnum eða þegar hreppsnefnd eða sá, sem rjettum stjórnar, leyfir. Að byggingu rjetta og viðhaldi þeirra, vinna fjáreigendur eptir fyrirskipun hreppsnefndar.

14. grein.

Hreppsnefndin skipar fyrir um innrekstur við rjettarhöld og stjórnar þeim, kveður upp hvenær rjettum sje lokið, og hreppstjóri sjer um, að allt fari fram í röð og reglu.

15. grein.

Þeir, sem sendir eru í utanhreppsrjettir, eru skyldir að reka fje, sem þeir heimta, inn í hrepp sinn, og afhenda það eptir ráðstöfun hreppsnefndar.

16. grein.

Fje það, sem eptir verður ódregið, hvort heldur er í aðalrjett eða skilarjett, skal rjettarstjóri afhenda hreppstjóra, sem þá lætur kanna það vandlega og »töfludraga«, og síðan selur það, þá þegar við rjettina, og skulu þeir báðir í sameiningu ásamt 2 markglöggustu mönnum, þá þegar, semja nákvæma skrá yfir fjed, lýsa þar til þess, kynferði, eyrna- og hornamörkum, brennimörkum og aldri. Lýsing á hinu selda fje skal birta fyrir miðjan janúar n. á. í blaði því, sem opinberar auglýsingar eru birtar í. Þeir, sem eptir auglýsingunni sanna eignarrjett sinn á hinu selda fyrir næstu fardaga, fá uppboðsvirðið að frádregnum kostnaði. Eptirrit af uppboðsgjörð að hinu selda óskilafje skal hreppstjóri skyldur að afhenda viðkomandi hreppsnefnd fyrir 20. júní, ásamt skilagrein fyrir hinu útgengna fje, og skal það síðan vera fylgiskjal með hreppreikningunum.

17. grein.

Óskilafje það, sem finnst í fjallalöndum eða heimahögum eptir skilarjett, skal tafarlaust afhent hlutadeigandi hreppstjóra. Finnist eigandi að slíku fje, eptir markaskrá þeim, sem fyrir hendi eru, skal hreppstjóri tafarlaust senda það áleiðis til eiganda, sjái hann honum það haganlegt, að öðrum kosti selja það við uppboð, að undangenginni auglýsingu, og sömuleiðis það fje, sem enginn finnst eigandi að, og fer með andvirði þess fjár, sem tekið er fram í 16. grein.

18. grein.

Ómerkingar allir skulu dregnir í sjerstakan dilk; þar skal þeim, er vilja, gefinn kostur á, að láta ær sínar helga sjer ómerkingana; þetta skal gjört undir umsjón rjettarstjóra eða hreppstjóra, og tveggja votta. Þeir ómerkingar, er ekki ganga þannig út, skulu seldir á staðnum af hreppstjóra til inntektar fyrir hreppinn. Hegi mæður sjer ómerkinga innan viku, fellur salan burtu. Í stað ómerkinga, er mæður ekki helga sjer, og sem venja hefur verið til, að rjettarbændur hafi fengið fyrir átroðning, skulu þeir fá borgun úr viðkomandi sveitarsjóði, er ekki fari fram úr 16 kr. nema sýslunefnd samþykki.

19. grein.

Hrossum skal smala til beggja rjetta bæði af afrjettum og heimalöndum og skal rjetta þau. Þau hross, sem ekki ganga út þá eða eigandi ekki finnst að, skal hreppstjóri hirða og selja eptir 3 vikur, að undangengiuni auglýsingu; og hafa skal í söluskilmálum, þá er þau eru seld, að eigandi hvers hross má, ef hann gefur sig fram innan mánaðar frá söludegi, innleysa það gegn því, að borga allan kostnað og til kaupanda 10% af uppboðsverðinu. Vöktunarkostnaður hjá hreppstjóra sje 20 aurar um sólarhringinn fyrir hvert hross, en hálfu minna fyrir folald, sem fylgir móður.

IV. Kaffi.

Um vorsmalanir.

20. grein.

Eigi má á vorum leitir gjöra eða reka saman fje á afrjettum eða heidarlöndum einstakra manna án leyfis hreppsnefndar eða landráðanda úr því 6 vikur eru af sumri. Brot gegn þessu varðar frá 10- 20 kr. sektum.

21. grein.

Heimilt skal hreppsnefndum að fyrirskipa smalanir að vorinu til rúnings og fráferna, og skal við þær smalanir gæta sem mest hagsmuna hreppsúa, og skyldir skulu þeir að hlýða fyrirskipunum nefndarinnar, jafnt til þessarar smölunar, sem til haustskila.

V. Kaffi.

Um rekstra.

22. grein.

Allt fje í rekstrum skal merkt með rekstrarmarki, er sje svo glöggt, að það sjáist tilskýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi.

23. grein.

Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra, þá er dimmt er orðið, nema nauðsyn sje. Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá stöðva reksturinn, er á ferð er, ella halda kyrru fyrir, þangað til búid er að rannsaka hann af 2

skilríkum mönnum tilkvöddum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, 5. ágúst, sem til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það tekur ekki upp yfir 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgang eiga rekstrarmenn að fjáreigendum með borgun, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna.

24. grein.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaus, skal hann bæta það eigandanum að fullu, eptir samkomulagi eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður nefnir til, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auki sektum, 1—5 kr. fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar, sem brotið er framið, nema því að eins að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

25. grein.

Þar sem upphæð sektar er eigi ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varðar brot gegn henni 1—200 kr. Uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn fá helming sektar, en helmingur rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

26. grein.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

27. grein.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafje o. fl. í Kjósar- og Gullbringu-sýslu frá 8. des 1896.

Amtsråd Suðuramtsins, Reykjavík, 5. ágúst 1902.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Jóns Sigurðssonar legats 1901.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.:			
a. Í fasteignum	kr.	12,490	00
b. Í vedskuldabryfum	—	22,823	19
c. Í sparisjóði Norðuramtsins	—	42	00
d. Í peningum	—	1,239	28
			kr. 36,594 47
2. Vextir:			
a. Af leigufje sjóðsins frá $11/6$ '00 til $11/6$ '01	kr.	885	93
b. Frá ýmsum tímum	—	4	22
c. Af inneign í sparisjóði	—	17	69
			kr. 907 84
3. Jarðarafgjöld:			
a. Landskuldir í fardögum 1901, 1195 $1/2$ af á $0/48$ kr.		573	84
	Fl. kr.	573	84
			kr. 37,502 31